

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um lögskráningu sjómanna,**  
**nr. 880/2001 með síðari breytingum.**

1. gr.

6. málsl. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skipverjar sem gengust undir námskeið í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila á árinu 2002 eða fyrir hafa frest til að gangast undir slíkt námskeið fyrir 15. febrúar 2010.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. mgr. 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 13. janúar 2010.*

**Kristján L. Möller.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*